



Ferðamálastofa
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 8. júní 2020
Tilv.: ANR20010448/03.17

Efni: Framsal styrks Dalabyggðar til Sturlufélagsins

Vísað er til erindis Ferðamálastofu, dags. 28. maí sl., þar sem farið er fram á stjórnsýslulega meðferð ráðherra á beiðni þess efnis að sveitarfélagið Dalabyggð framselji styrk til Sturlufélagsins. Styrkurinn, sem er að fjárhæð kr.16.158.307,- var veittur í apríl 2020 til framkvæmda við minningarreit um Sturlu Þórðarson að Staðarhóli í Saurbæ.

Nú hefur styrkþegi óskað eftir því að styrkurinn færist yfir til Sturlufélagsins, en sú vinna sem hefur verið unnin við það til þessa hefur verið á vegum félagsins. Félagið hefur jafnframt lýst því yfir að það er reiðubúið til þess að yfirtaka allar þær skuldbindingar sem nauðsynlegar eru vegna styrksins. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 782/2017 er styrkþega óheimilt að framselja styrk eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna en getið er um í samningi. Skv. 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar skal Ferðamálastofa jafnframt, ef beiðni um breytingar á verkefni felur í sér verulegar breytingar á forsendum þess, leggja mat á forsendur breytinganna og leggja fyrir ráðherra til samþykktar eða synjunar.

Ráðherra fellst á það mat Ferðamálastofu, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, að tilefni sé til að fallast á beiðni um breytingu á styrkþega. Ráðherra fellst því á beiðni um framsal styrksins frá sveitarfélaginu Dalabyggð til Sturlufélagsins.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Sigrún Brynja Einarisdóttir


Heimir Skarphéðinsson